

**Mál nr. 91/2021****M og  
V vegna ábyrgðatryggingar B.****Ágreiningur um bótaskyldu er kennari slasast er hún féll í hálfu fyrir utan skóla****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 5. mars 2020 ásamt fylgigögnum og tölvupóstur M dags. 25.3.2021.
2. Bréf V til nefndarinnar, dags. 22.3.2021, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

M starfar sem kennari í A í B. Í lok vinnudags kl. 16:30 þann 27. janúar 2020 var M á leið út úr skólanum um inngang sem unglingadeildin notar austan megin við skólann. Hún er þannig að ganga niður gangstíg á aflíðandi brekku á lóð skólans þegar hún rennur í hálfu sem þar hafði myndast, féll í jörðina og varð fyrir meiðslum.

Samkvæmt skýrslu samstarfskonu, sem kom að M þar sem hún lá á gangstígnum, þá var stígurinn flugháll og hafði ekki verið saltaður eða sandur borinn á stígin.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðatryggingu V vegna þess líkamstjóns sem hún varð fyrir þar sem ekki hafi verið gerðar nægar ráðstafanir til að koma í veg fyrir hálkumyndun á göngustígum á skólalóðinni. V kveður að ekkert í málinu bendi til þess að slysið sé að rekja til saknæmrar eða ólögmatrar háttsemi B eða starfsmanna hans eða annarra atvika eða aðstæðna sem B beri ábyrgð á. Fyrir liggir að mikilli umgangur sé um stéttina og margir nemendur og starfsmenn fóru um stígin án áfalla sama dag. Segir að svo virðist sem skyndileg hálfu eða snöggfrysting hafi myndast síðdegis á skólalóð þegar sólin settist á bak við Digraneshæðina. Því sé eingöngu um óhappatilvik sé að ræða og mögulega eigin óaðgæslu M að ræða.

**Álit.**

Í gögnum málsins eru engin gögn sem gefa til kynna að aðrir starfsmenn skólans eða nemendur hafi tilkynnt um hálfu á göngustígnum á sama degi en óumdeilt virðist að mikill umgangur var um stéttina og margir nemendur og starfsmenn fóru um stígin þennan dag. Engin gögn liggja fyrir um önnur áföll. Þá liggur fyrir að aðstoðarskólalastjóri var á útivakt í hádeginu og þá var hvorki frost né ísing á göngustígum auk þess hitastig var yfir frostmarki frá morgni til kvölds á tjónsdegi.

Samkvæmt gögnum málsins verður því að telja ósannað að veðuraðstæður hafi verið með þeim hætti á tjónsdegi að starfsmenn A hafi sýnt af sér saknæma og ólögmatra háttsemi með því að hafa ekki varað við hálfu eða gripið til viðeigandi aðgerða. Verður því ekki talið sannað að skólalastjórnumendur A hafi vanrækt skyldur sínar varðandi hálfuvarnir.

M telst því ekki eiga rétt á bótum úr ábyrgðatryggingu B hjá V.

**Niðurstaða.**

M, á ekki rétt á bótum úr ábyrgðatryggingu B, hjá V.

Reykjavík, 15. apríl 2021

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Jóhann Tómas Sigurðsson lögm.